

# Álfheimafréttir

30. árangur, 5. tölublað



## Jólaglugginn

13. desember kl. 10:30 opnum við í Álfheimum jólagluggann sem er liður í „Jól í Árborg“ þar sem fyrirtæki og stofnanir í Árborg telja niður dagana til jóla með því að opna einn jólaglugga á dag frá 1. desember. Jólagluggi Álfheima verður staðsettur á hliðinu á leikvellingum sem er á horni Reynivalla og Engjavegs.

## Álfheimar 30 ára

Þann 13. desember eru liðin 30 ár frá því að leikskólinn Álfheimar tók til starfa.

Á næstu síðu má sjá afmælis dagskrá.

## Á döfinni

- 3. desember - elstu börnin kveikja á jólaljósum í Tryggvagarði.
- 6. desember - Bókasafns eða Kirkjuferð
- 11. desember - opið hús í leikskólanum
- 12. desember - opin skógarferð
- 13. desember - jólaglugginn opnaður
- 13. desember - 30 ára afmæli
- 14. desember - náttfatadagur...
- 18. desember - Litlu jólin
- 21. desember - rauður dagur



## Rauður dagur

21. desember er rauður dagur í Álfheimum. Þá klæðumst við rauðum fatnaði, syngjum jólalög og hlustum á jólasveinasögur.



## Álfheimar 30 ára

**13. desember 2018 verður leikskólinn Álfheimar 30 ára. Í tilefni af afmælinu ætlum við að gera okkur glaðan dag og hafa afmælisdaga 11.—14. desember**

### Priðjudagurinn 11. desember

Opið hús 7:45-16:30 - núverandi og fyrrverandi foreldrum, systkinum, öfum, ömmum, starfsmönnum og öðrum velunnurum boðið í heimsókn að fylgjast með leik og starfi.

10:00—11:00 - Hringekja. Stöðvavinna um allt hús; bakstur, einingakubbar, myndlist, frjáls leikur og margt fleira.

### Miðvikudagurinn 12. desember

10:15 - Opin skógarferð.

Allir í Álfheimum ætla að fara í skógarferð, yngstu tveir árgangarnir fara á Engið. Lagt af stað um klukkan 10:15, allir velkomnir með.

### Fimmtudagurinn 13. desember - afmælisdagur Álfheima

9:00 - söngstund í sal - afmælisöngur og fjör

10:30 - Jólaglugginn opnaður. Skrúðganga eftir Reynivöllunum.

14:15 - Hátíðarsamkoma í sal Vallaskóla. Álfheimabörnin flytja leikritið Pétur og úlfurinn. Gestum boðið í kaffi Álfheimum að sýningu lokinni.

### Föstudagurinn 14. desember

Náttfatadagur, notalegheit og pizza í matinn.



### Bókasafns eða kirkjuferð

Fimmtudaginn 6. desember fara árgangar 2013, 2014 og 2015 í vettvangsferð í Selfosskirkju eða á Bókasafnið. Foreldrar munu fá og þurfa að skila inn valblaði þar sem merkt er við í hvora ferðina barnið á að fara.

Aðfaranótt 12. desember kemur Stekkjastaur til byggða fyrstur af þeim þrettán bræðrum. Á Íslandi er sú hefð að börn setja skóinn út í glugga og jólasveinarnir færa þeim gjafir.

Við vonum að jólasveinarnir gæti hófs í gjöfum sínum og biðjum foreldra og börn um að geyma skógjafir heima.

### Litlu jólin

Litlu jól Álfheima verða haldin í sal Vallaskóla þriðjudaginn 18. desember kl. 14:30.

Jólasveinar koma í heimsókn og dansað í kringum jólatréð.

Allir velkomnir.

## Fundagerð frá fundi í stjórn foreldrafélags 14. nóvember 2018

Mættir: Emelía, Gunna Stella, Þórunn, Salóme og Ásthildur

1. Hlutverk: Emelía gjaldkeri, Júlíana ritari, Gunna Stella formaður. Hlutverk foreldraráðs kynnt. Farið yfir það sem gert var í fyrra.
2. Árgjald í félagið var hækkað í 2000 kr. í fyrra og mun vera sama gjald í ár. 2000 kr/heimili.
3. Piparkökumálun: Kl 10-12 þann 1. des. Það þarf að undirbúa föndur, safna klósettrúllum, kaupa glassúr, Við munum selja buff og kökur. Gunna fer og kaupir glassúr. Gunna setur upp auglýsingu í leikskólanum. Verum allar með augun opin fyrir föndri og piparkökum.

## Fundagerð frá fundi í foreldraráði

14. nóvember 2018

Mættir: Jóhanna, Bryndís, Erna Karen og Arna.

- Rætt um kirkjuferð fyrir jólinn í Selfosskirkju. Höfum fengið boð að koma í kirkjuna. Samþykkt að þiggja boðið og hafa bókasafnsferð í boði á sama tíma.
- Fundir verða á miðvikudögum kl. 8:00 annan hvern mánuð, en oftast ef þarf.
- Jóhanna sagði frá að ekki verði byggt við Álfheima eins og hafði verið ákveðið.

### Stjórn foreldrafélags Álfheima 2018-2019

Ásthildur Þorsteinsdóttir

Emilia Staffansdotter

Gunnhildur Stella Pálmarsdóttir

Júlíana Gústafsdóttir Eriksson

Salóme Huld Gunnarsdóttir

Sigurbjörg Eva Sigurðardóttir

Þórunn Lís Guðnadóttir

### Foreldraráð Álfheima 2018-2019

Arna Haraldsdóttir

Bryndís Ósk Sævarsdóttir

Erna Karen Óskarsdóttir

## Nesti að heiman

Þar sem nokkur börn í leikskólanum eru með bráðaofnæmi viljum við biðja alla foreldra um að gæta þess að börnin komi ekki með nesti að heiman.

### Gjöf frá foreldrafélaginu og jólatréð í Tryggvagarði

Mánudaginn 3. desember fóru börn fædd 2013 ásamt grunnskólanemendum og voru viðstödd þegar kveikt var á ljósunum á jólatrénu í Tryggvagarði.

Við þetta tilefni voru börnin með „buff“ merkt leikskólanum sem foreldrafélagið gaf leikskólanum til að auðkenna börnin á samkomum sem þessum. Við þökkum foreldrafélaginu kærlega fyrir góða gjöf.

